

**Nd. 311. Frumvarp til laga [148. mál]**

um breyting á lögum nr. 101 28. desember 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35 1972, lög nr. 67 1974, lög nr. 3 1977 og lög nr. 64 1977, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Í stað „20 ára“ í 1. mgr. 2. gr. laganna komi: 16 ára.

3. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er stjórn sjóðsins að taka í tölu sjóðfélaga launþega í landbúnaði.

2. gr.

24. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 3/1977, orðist svo:

Árin 1976—1982 skal lífeyrir samkvæmt II kafla hvert ár miðast við grundvallarlaun undanfarandi 5 almanaksára. Síðan er ráðherra heimilt að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins að ákveða fyrir eitt ár í senn greiðslu uppbótar á lífeyri samkvæmt II kafla, sem þegar hefur verið úrskurðaður. Miðast heimild þessi við byrjun hvers almanaksárs, í fyrsta sinn við ársbyrjun 1983.

Árin 1980—1982 skal lífeyrir samkvæmt I kafla miðast við sömu grundvallarlaun og lífeyrir samkvæmt II kafla, sbr. 1. mgr.

3. gr.

Aftan við 27. gr. laganna (ákvæði til bráðabirgða), sbr. 8. og 9. gr. laga nr. 3/1977, bætist ný málsgrein er verði 4. mgr. og orðist svo:

Árin 1980—1982 skulu lífeyrisgreiðslur þær, sem nefndar eru í 3. mgr., hækka með sama hætti og árin 1978—1979. Útgjöld vegna hinnar sérstöku uppbótar, sem greidd er lífeyrisþegum, er rétt eiga samkvæmt II kafla laganna, skulu þau þrjú ár borin í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 3/1977 voru sett ákvæði um sérstaka uppbót á lífeyrisgreiðslur úr Lífeyrissjóði bænda árin 1976 og 1977 til samræmis við samkomulag Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda í febrúar 1976 og breytingu á lögum nr. 63/1971 um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Ráðstafanir þessar voru síðan framlengdar til ársloka 1979 með nýju samkomulagi launþega og vinnuveitenda í júní 1977, og með lögum nr. 64/1977 var sams konar framlenging uppbótargreiðslna Lífeyrissjóðs bænda lögfest.

Með lögum nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra hafa ofangreindar uppbótargreiðslur, sem um var samið 1976 og 1977, enn verið framlengdar um þrjú ár, 1980—1982. Í þeim lögum eru jafnframt ákvæði um, hvernig útgjöld til uppbótargreiðslna samkvæmt II kafla laga um Lífeyrissjóð bænda skuli borin þetta tímabil, og er þá gert ráð fyrir framlengingu ákvæða laga nr. 64/1977. Í meðfylgjandi frumvarpi er kveðið á um slíka framlengingu.

Auk þeirra ákvæða, er varða lífeyrishækkunar árin 1980—1982, eru í 1. gr. frumvarpsins ákvæði um breytingar á 2. gr. núgildandi laga um skilyrði fyrir aðild að sjóðnum. Er þar annars vegar um að ræða lækkun aldursmarks úr 20 árum í 16 ár og hins vegar rýmkaða heimild til að veita launþegum í landbúnaði aðild að sjóðnum. Eru ákvæði þessi í samræmi við þróun undanfarin ár, sbr. 2. gr. laga nr. 9/1974 um starfskjör launþega o. fl., 3. gr. laga nr. 32/1979 um forfalla- og afleysingarþjónustu í sveitum og undirbúning lagasetningar um almenna þáttökuskyldu í lífeyrisjóðum.

Með ákvæðum 2. gr. frumvarpsins er tryggt, að lífeyrisfjárhæðir þær, sem Stofnlánadeild landbúnaðarins og rikissjóður eiga að standa undir, sbr. 19. gr. laga nr. 101/1970, breytist árlega eftir sömu reglu og undanfarin ár þann tíma, er hin sérstaka uppbót skal borin með þeim hætti, sem lög nr. 97/1979 kveða á um. Þá er gert ráð fyrir, að sama gildi um hluta lífeyrissjóðsins, ef lífeyrisþegi samkvæmt II kafla laganna á að hluta rétt samkvæmt I kafla.